

Breytingar á reglum er lúta bifhjólum


tóku gildi 17. janúar s.l., sbr. reglugerð nr. 27/2013 um breytingu á reglugerð um ökuskírteini

Nýr flokkur bifhjóla bætist við og aldurskilyrði til að aka stórum bifhjólum breytast:

1. Nýr réttindaflokkur bifhjóla bætist við, A2-flokkur, sem er bifhjól upp í 35kW.
2. Aldurskilyrði fyrir
 - A1-flokk breytast ekki, verða áfram 17 ár en aldurskilyrði fyrir
 - A2-flokk verður 19 ár.
 - A-flokk. Til að öðlast ökuréttindi á aflmeiri bifhjól en A2-flokkur felur í sér þarf annaðhvort
 - að hafa tveggja ára reynslu á bifhjól í A2-flokki og því er það í fyrsta lagi 21 árs eða
 - að vera orðinn 24 ára.

Reynsla á bifhjól í AM- og A1-flokki telst ekki með í þessari tveggja ára reynslu.

Hér má sjá yfirlit yfir A réttindaflokka, afl hjóla, aldursmörk og önnur skilyrði til að öðlast réttindi. Neðst í hverjum flokki eru talin upp þau önnur réttindi sem fylgja:



Skv. reglum sem gilda til 19. janúar fær sá takmörkuð réttindi á bifhjól sem tekur próf fyrir flokk A fyrir 21 árs aldurs og gildir sú takmörkun í tvö ár, eftir þann tíma má hann aka bifhjólum án takmarkanna. Þessi réttindi gilda áfram.

Ný ökuskírteini:

Ný gerð skírteina verður tekið í notkun í apríl n.k. og verður kynnt nánar. Flokkar bifhjóla, sbr. hér að ofan, verða sérstaklega tilgreindir í hinu nýja skírteini.